

Fundur í skólaráði Austurbæjarskóla föstudaginn 21. apríl 2017

Fundinn sátu: Guðrún Inga Ingólfssdóttir fulltrúi foreldra, Lára Guðrún Agnarsdóttir og Sigríður Helga Olgeirsdóttir fulltrúar kennara, Heiða Vernharðsdóttir fulltrúi starfsmanna, Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri, Kristófer N. Sigurðsson fulltrúi grenndarsamfélags og Ólöf Ingimundardóttir aðstoðarskólastjóri sem ritar fundargerð.

Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri setur fundinn.

1. Skólastjóri kynnir starfsáætlun Austurbæjarskóla og segir hvar hana er að finna á heimasíðu skólans. Hún segir einnig frá því að kallaðir voru til rýnihópar nemenda í 7. – 10. bekk til að fá álit og tillögur þeirra á valgreinum í unglingadeild fyrir næsta skólaár.

2. Skólastjóri leggur fram drög að skóladagatali skólans fyrir skólaárið 2017 – 2018 og óskar eftir athugasemdum og/eða breytingatillögum.

Umræður skapast um vorhátíð og framtíð hennar. Hátíðin verður með líku sniði í ár eins og undanfarin ár. Fram kemur í máli fulltrúa foreldra í skólaráði eindregin ósk að halda í þá hefð að halda vorhátíðina á laugardegi.

Ábending kemur fram frá fulltrúa foreldra að orðið „lýðræðisþing“ sé e.t.v. ekki nógu lýsandi og leggur til að notað verði orðið „nemendaþing“. Telur það lýsa betur að umræður sem fram eigi að fara þennan dag snúist um nemendur.

Ekki voru gerðar aðrar athugasemdir við skóladagatalið og var það samþykkt.

3. Skólastjóri segir frá því að gera megi ráð fyrir einhverjum mannbreytingum næsta skólaár og nefnir í því sambandi að t.d. muni Inga Þórunn Halldórsdóttir sem haldið hefur utan um skipulag stuðningskennslu við skólann hætta störfum sakir aldurs.

4. Kristófer N. Sigurðsson fulltrúi grenndarsamfélags kynnir sig og starf sitt. Hann er nýtekinn við sem forstöðumaður frístundaheimilisins Draumalands. Áður starfaði hann sem aðstoðarforstöðumaður Selsins frístundaheimilis við Melaskóla.

Fundi slitið kl. 09:00. Næsti fundur verður haldinn 12. maí 2017 kl. 08:00.